



## Gerpla tekur þátt í Hreyfiviku UMFÍ

Hreyfivikan er hluti af stóru Lýðheilsu-verkefni sem fram fer um gjörvalla Evrópu á sama tíma. En markmiðið er að fá hundrað milljónir fleiri Evrópubúa til að hreyfa sig reglulega fyrir árið 2020. Gerpla er stolt að taka þátt í þessu verkefni þetta árið og mun bjóða upp á eftirfarandi tíma fyrir þá sem hafa áhuga:



**Mánudaginn 21.sept kl. 19:00-20:15 - Yoga með Gyðu Dís í speglasal Gerplu á 2.hæð**

**Priðjudaginn 22.sept kl. 20:00-21:15—Fimleikaprek 16 ára + með Svövu & Ingvari**

**Fimmtudaginn 24.sept kl. 20:00-21:15 Fimleikaprek 16 ára + með Svövu og Ingvari**

Einnig mun Kaffítár bjóða upp á heilsusamar veitingar í andyri Gerplu laugardaginn 26.sept milli kl. 10:00-14:00 fyrir viðskiptavinum Gerplu og sundlaugar Kópavogs.

## Áhorf í sal

Eins og glöggir foreldrar hafa tekið eftir hefur stúkan í Gerplu verið biluð og beðið viðgerðar, í dag mættu hinsvegar viðgerðamenn og komu henni í rétt stand, svo nú er aftur hægt að bjóða foreldrum krílaðkenda sæti á meðan á æfingu stendur.

Einnig munum við vera með áhorfendaviku fyrst viku hvers mánaðar fyrir foreldra annarra hópa og verður þá stúkan dregin út. Við viljum biðla til foreldra að fara ekki út fyrir stúkuvæðið í áhorfendaviku vegna slyshættu sem getur skapast við það.

## Rútuferðir & klefamál

Gerpla fór af stað í fyrra með tilraunverkefni sem var fólgið í því að sækja iðkendur í 1.-2. bekk sem voru í þeim skólum sem voru í nágrenni Gerplu. Þetta verkefni var farið í vegna þess stóra húsnæðisvanda sem Gerpla stendur frammi fyrir og hefði félagið annars verið tilneytt til að vísa frá iðkendum vegna plássleysis. Þetta verkefni gekk vonum framur ekki síst vegna aðstoð dægradvala skólanna og hjálpsamra forráðamanna. Gerpla ákvað því að taka verkefnið enn lengra núna og bjóða upp á þessar sömu rútuferðir fyrir alla 1.-2.bekkinga í skólum í Kópavogi og voru þar jafnréttis sjónarmið höfð til grundvallar. Þetta verkefni hefur farið vel á stað en líkt og við öll ný verkefni höfum við rekið okkur á nokkrar hindranir. Ein af þeim er meðan annars mikil álag er á starfsfólki afgangi Gerplu á tímum rútuþópna og ná þau ekki að anna öllum í klefnum. Við biðlum því til forráðamanna að sýna okkur umburðalyndi, skilning og jafnvel hjálparhönd með það svona fyrstu vikunna á meðan allir eru að komast í rútinu bæði iðkendur og starfsfólk.

